



Reykjavíkurborg

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2025
FAS25010003

Borgarráð

Tillaga um útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir janúar til júní 2025

Lagt er til borgarráð samþykki að útbod skuldabréfa Reykjavíkurborgar verði á eftirfarandi dagsetningum á fyrri hluta árs 2025:

- 22. janúar
- 19. febrúar
- 19. mars
- 21. maí

Hér eru einungis lagðar til ákveðnar dagsetningar útboda en sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs veitt heimild til útfærslu að öðru leyti, þ.e. hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn, hvaða aðilar hafa umsjón með útbodum og í hvaða skuldabréfaflokkum er boðið út. Markaðsaðstæður, fjárþörf og sjóðsstaða borgarsjóðs eru breytilegar og því er nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboda.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt: Tillaga og greinargerð.



Borgarráð

Efni: Útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir janúar til júní 2025

Lögð er fram til samþykktar eftirfarandi útgáfuáætlun vegna skuldabréfaútboða á tímabilinu janúar til júní 2025:

- 22. janúar
- 19. febrúar
- 19. mars
- 21. maí

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að lántaka borgarsjóðs nemi allt að 16.500 m.kr. á árinu. Lántakan verður framkvæmd með stækkun á virkum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs, útgáfu á nýjum skuldabréfaflokkum, ádrætti á erlent lán frá CEB eða öðrum hætti sem álitinn er hagkvæmur út frá markaðsaðstæðum hverju sinni. Jafnframt kemur til álita að framkvæma skiptiútboð á árinu.

Á árinu 2024 var undirritaður samningur við CEB um allt að EUR 100 milljóna fjármögnun á viðhaldsátaki í húsnæði grunnskóla, leikskóla og frístundar vegna fjárhagsáranna 2023-2028. Í desember 2024 var dregið á lánið, EUR 16 milljónir eða u.þ.b. ISK 2,3 milljarðar. Í samræmi við framvindu á viðhaldsátakinu og með tilliti til markaðsaðstæðna má gera ráð fyrir að dregið verði frekar á lán hjá CEB á þessu ári.

Hér eru einungis lagðar til ákveðnar dagsetningar útboða en sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs veitt heimild til útfærslu að öðru leyti, þ.e. hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn, hvaða aðilar hafa umsjón með útboðum og í hvaða skuldabréfaflokkum er boðið út. Markaðsaðstæður, fjárförf og sjóðsstaða borgarsjóðs eru breytilegar og því er nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða.

Útgáfuáætlun er lögð fram til að auka fyrirsjáanleika á markaði en Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að bregða út af þessari áætlun, fella niður útboð og/eða bæta við útboðsdögum. Útgáfuáætlunin nær frá janúar til júní 2025.

Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða lagðar fyrir borgarráð, daginn eftir útboð, til endanlegrar afgreiðslu og síðan kynntar opinberlega.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs